

Lengi býr að fyrstu gerð

Forvarnaráætlun Gullorgar



Júní 2006

Inngangur

Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar tekur til barna og ungmenna frá fæðingu til tvítugs, foreldra og allra sem að málefnum þeirra og uppeldi koma. Lögð er áhersla á að forvarnir hefjist í barnæsku, séu heilstæðar, víðtækar og sameini krafta og störf borgarbúa og borgarstarfsmanna. Stefnan er byggð á traustum rannsóknum um árangur og mat á forvarnarstarfi og hefur mælanleg markmið sem verða metin og endurskoðuð reglulega. Við framkvæmd og útfærslu stefnunnar skal unnið út frá því leiðarljósi, markmiðum og leiðum sem hér eru sett fram.

Leiðarljós:

Að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd, einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur.

Markmið:

Almennar forvarnir ná til allra barna og ungmenna á aldrinum 0 – 20 ára en sértækar forvarnir til einstaklinga og hópa sem eru í hættu.

Almennar forvarnir

Að börn og ungmenni alist upp við góða andlega líðan, heilsu og jákvæða sjálfsmynd, svo merkja megi mælanlegan árangur árið 2010.

Sértækar forvarnir

Að koma í veg fyrir og draga úr neikvæðri frávíkshæðun barna og ungmenna, svo sem vímuefnaneyslu, reykingum, ofbeldi, afbrotum og öðru sem bregðast þarf sérstaklega við hverju sinni, með það að leiðarljósi:

- Að neysla vímuefna mælist ekki meðal grunnskólanema árið 2010
- Að dregið hafi úr neyslu allra vímuefna í framhaldsskólum árið 2010
- Að börn alist upp án þess að verða fyrir ofbeldi og einelti árið 2010

(Úr forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar, 2006)

Leikskólinn og forvarnir

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins en samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (1999) bera foreldrar frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Með það að leiðarljósi mótast forvarnaráætlun leikskóla í Vesturbæ og verður því samvinna við foreldra leikskólabarna höfð í forgrunni en kjörorð hennar eru „**Lengi býr að fyrstu gerð**”. Jafnframt er gengið er út frá margbreytileika mannlífsins og að leikskólinn er fyrir öll börn óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.

Í forvarnaráætluninni koma fram áherslur leikskólanna í Vesturbæ sem lúta að þeim þremur markmiðum sem þar eru sett fram og eru:

Frumbernska 0 – 2 ára

- Stuðla að öryggi barna í frumbersku
- Styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu
- Leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum barna

Leikskólaaldur 2 – 5 ára

- Að leggja grunn að jákvæðri sjálfsmynd barna
- Að styrkja félagsfærni barna
- Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti

Almennar forvarnir í leikskóla

Frumbernskan 0 – 2 ára

Markmið:

- *Stuðla að öryggi barna í frumbersku*

Leiðir leikskólans:

Í upphafi leikskólagöngu er skipulagður aðlögunartími þar sem foreldrar eru með barni sínu fyrstu dagana. Í skipulagi leikskólastarfsins er skapaður rammi sem sniðin er að þörfum barnsins og einkennist af daglegum venjum, faglegri umönnun, virðingu, hlýju og ábyrgð sem skapa öryggi hjá barninu. Lögð sé áhersla á náin tilfinningatengsl og trúnað á milli barna og starfsmanna.

Allt umhverfi og aðbúnaður í leikskólanum er samkvæmt viðurkenndum stöðlum og öryggisatriði eru yfirfarin reglulega.

Sérstakar áherslur Gullborgar er sjálfsmynd barna og byggist hún mest á tveimur þáttum; sjálfsöryggi og sjálfstrausti.

Sjálfsöryggi byggist á hæfileikum sem koma innan frá og eru huglægir s.s. eigin tilfinningar, skoðanir og upplifanir og út frá þeim hæfileikum sem erfitt er að mæla og meta.

Sjálfstraust byggist á hæfileikum og færni sem koma utan frá s.s. árangri í námi, íþróttum, tónlist og út frá þeim hæfileikum sem hægt er að mæla og meta.

Markmið:

- *Styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu*

Leiðir leikskólans:

Góð dagleg samskipti eru á milli foreldra og starfsmanna leikskólans. Leitast er við að gagnkvæmar upplýsingar um líðan barnsins berist á milli foreldra og starfsmanna leikskólans. Boðið er reglulega upp á foreldraviðtöl, foreldrafundi með kynningu á leikskólastarfinu og fræðslu um barnauppeldi. Jafnframt er foreldrum boðið að taka þátt í ýmsum uppákomum og hátíðum í leikskólanum.

Sérstakar áherslur Gullborgar

Dagleg samskipti sem fela í sér upplýsingar og samráð um líðan og þroska barnsins. Foreldrar koma að gerð einstaklingsnámskrá sem er endurskoðuð 2 á ári í foreldraviðtölum.

Einnig halda deildir dagbók um daglegt starf inni á deildum á heimasíðu leikskólan sem allir

foreldra hafa greiðan afgang að. Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum og eru allir foreldra meðlimir í upphafi leikskólagöngu.

Markmið:

- *Leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum barna*

Leiðir leikskólans:

Í leikskólanum tileinkar barnið sér góðar matarvenjur með því að borða reglulega hollan og næringaríkan mat. Hreyfiþjálfun á sér stað við leik og störf, úti og inni, en jafnframt er barninu séð fyrir hvíld og rólegum tíma yfir daginn. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði barnsins með því til dæmis að hvetja það til sjálfshjálpar. Hreinlæti og hreinlætisuppeldi er í hávegum haft. Umhverfismennt/vernd er liður í starfi leikskólanna.

Sérstakar áherslur Gullborgar

Lögð er áhersla á að barninu líði vel í daglegu lífi í leikskólanum bæði í gegnum samskipti og í leik.

Leikskólaaldur 2 – 5 ára

Markmið:

- *Að leggja grunn að jákvæðri sjálfsmynd barna*

Leiðir leikskólans:

Í leikskólum er hópur barna en lítið er til þess að allir hópar eru saman settir af einstaklingum sem hafa sína eiginleika og persónueinkenni, styrkleika og veikleika. Horft er á styrkleika hvers barns og stutt við jákvæða eiginleika þess. Sjálfsmynd þeirra er styrkt með ýmsu móti í daglegu starfi leikskólans. Börnin fá að tjá tilfinningar sínar gleði, reiði, ótta og sorg. Lögð er áhersla á að styrkja þau í að tjá sig í leik og skapandi starfi, að þau greini sína jákvæðu eiginleika og annarra. Sjálfstæði þeirra er eflt með því að börnin velja sér viðfangsefni, þau eru hvött til að mynda sér skoðanir, taka þátt í umræðum og þau æfð í að koma fram fyrir

hópin og tjá sig. Þau æfa sjálfshjálpi við til dæmis að klæða sig í og úr og einnig með því að hjálpa til svo sem við að annast undirbúning fyrir matartíma. Börnin eru þátttakendur í að skipuleggja og meta starf leikskólans og finna með því að tekið er mark á viðhorfum þeirra og skoðunum.

Dagleg umönnun og samskipti í leikskólanum endurspeglar virðingu fyrir börnunum. Agi einkennist af jákvæðri styrkingu á það sem vel er gert og daglegt skipulag leikskólans veitir festu og mörkin eru skýr. Starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt sem fyrirmyndir barnanna.

Sérstakar áherslur Gullborgar

Markmið leikskólans er að efla sjálfsmynd barna sem er rauði þráðurinn í daglegu lífi barnsins í leikskólanum.

Markmið:

- *Að styrkja félagsfærni barna*

Leiðir leikskólans:

Í daglegu starfi leikskólans eru góð og traust samskipti á milli barna og fullorðna höfð í forgrunni. Þannig er lagður grunnur að félagsfærni barna með óformlegum og formlegum hætti.

Með óformlegum hætti er skapað andrúmsloft innan leikskólans sem einkennist af vináttu, virðingu, umburðarlyndi og að allir séu viðurkenndir óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, kynferði, uppruna, menningu eða trú og endurspegli um leið margbreytileika samfélagsins.

Með formlegum hætti er unnið að því að örva og styrkja félagsfærni barnanna. Í skipulögðu starfi leikskólans til dæmis í hópstarfi og þemavinnu læra þau að vinna saman að viðfangsefnum, taka tillit hvert til annars, setja sig spor annarra, virða skoðanir og leysa deilur, hlusta á hvert annað, spyrja spurninga og leita svara. Jafnframt eru þau styrkt í því „standa með sjálfu sér” og læra að segja nei þegar það á við.

Allt þetta er hluti af lífsleikni sem þau tileinka sér eins og að virða og taka þátt í að setja reglur, læra siðvenjur, almenna kurteisni og að virða mörk samfélagsins.

Lögð er áhersla á gott samstarf við grunnskóla hverfisins og að börnin fái jákvæða mynd af flutningi á milli skólastiga. Síðasti vetur barnanna í leikskólanum er meðal annars

nýttur til aðlögunar og kynningar fyrir börnin á því sem tekur við þegar þau byrja í grunnskóla.

Sérstakar áherslur Gullborgar

Leikskólinn er í samstarfi við utan aðkomandi aðila sem er viðbót við aukna félagsfærni barnanna svo sem Myndlistaskóla Reykjavíkur, Grandaskóla, Blátt áfram og eTwinning sem er samstarf við erlenda leikskóla í gegnum netið.

Markmið:

- *Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti*

Leiðir leikskólans:

Líkamleg umönnun barnanna er stór liður í leikskólastarfi. Í markmiðum og starfsháttum leikskólans er lögð áhersla á að gera börnin sjálfstæð og sjálfbjarga og að þau tileinki sér undirstöðuþekkingu á hvern hátt hægt er að vernda bæði heilsu sína og annast líkama sinn.

Börnin tileinka sér góðar matarvenjur með því að borða reglulega í leikskólanum hollan og næringaríkan mat. Hreinlæti og hreinlætisvenjur er liður í uppeldi þeirra. Í dagskipulagi leikskólans er jafnvægi á milli hvíldartíma og virkni. Börnin fá góða hreyfingu í leik og starfi, inni og úti, og skipulagðar eru vettvangs-/gönguferðir um nágrenni leikskólans. Umhverfismennt/vernd er liður í starfi leikskólanna.

Sérstakar áherslur Gullborgar

Í daglegu lífi barnsins er lögð áhersla á heilbriggt lífverni í daglegu starfi, skipulögð útivist með fjölbreyttu viðfangsefni og farið er í vettvangsferðir t.d í fjöruna og nánasta umhverfi.

Leikskólinn er í samstarfi við KR og fá elstu börnin aðgang að íþróttasalnum þar.

Sértækar forvarnir í leikskóla

Markmið:

- *Leikskólinn er án aðgreiningar, þar sem öll börn eru velkomin óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, kynferði, uppruna, menningu eða trú*

Leiðir leikskólans:

- Leikskólinn veitir forgang þeim börnum sem uppfylla viðmiðunareglur Menntasviðs um forgang barna (www.leikskolar.is).
- Leikskólinn gerir reglulega mat á þroska barna í leikskólanum.
- Komi upp grunur um þroskafrávik hjá barni í leikskólanum er haft samband við foreldra. Foreldrar geta einnig leitað eftir sérfræðiaðstoð.
- Foreldrar skrifa undir erindi um sérfræðiaðstoð sem sent er frá leikskólanum.
- Börn með þroskafrávik fá sérkennslu í leikskólanum eftir að greining hefur farið fram hjá fagaðilum.
- Samráðsfundir eru á milli leikskólans og félagsráðgjafa, leikskólaráðgjafa og sálfræðings á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarði.
- Leikskólinn hefur aðgang að ráðgjöf frá barnalækni.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt fjölmenningsstefnu Menntasviðs (www.leikskolar.is).
- Leikskólinn hefur aðgang að túlkabjónustu. Annars vegar vegna samskipta við foreldra barna af erlendum uppruna og hins vegar heyrnaskertra foreldra.
- Bæklingar eru til á erlendum tungumálum um starfsemi leikskóla (www.leikskolar.is).
- Áfallaáætlun um viðbrögð gagnvart alvarlegum áföllum og slysum er til í leikskólanum.
- Leikskólinn hefur tilkynningaskyldu til Barnaverndar Reykjavíkur vakni grunur um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni. Leikskólinn hefur jafnframt upplýsingaskyldu gagnvart Barnavernd Reykjavíkur.

Að lokum

Leikskólinn leitast við í daglegu starfi að leggja grunn að jákvæðri sjálfsmynd barna, efla félagsfærni þeirra og sjá til þess að þau tileinki sér holla og heilbrigða lífshætti. Unnið er samkvæmt Lögum um leikskóla númer 78/1994 og Aðalnámskrá leikskóla (1999) en skólanámskrá leikskólans er undirstaða faglegrar vinnu í leikskólanum og samræmir vinnubrögð starfsmanna og því höfð að leiðarljósi við gerð og útfærslu á forvarnaráætlun hvers leikskóla.

Fovarnar áætlun hvers leikskóla er endurskoðuð í tengslum við gerð ársáætlunar leikskólans.

Heimildir:

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar. 2006. Reykjavíkurborg.

Uppeldisáætlun fyrir leikskóla, markmið og leiðir. 1993. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Peir sem komu að gerð forvarnaráætlunar leikskóla í vesturbæ:

Verkefnastjóri: Ingveldur H. Björnsdóttir, leikskólaráðgjafi í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarði

Fulltrúar leikskólanna:

Anna Ben Blöndal	Mýri
Anna Guðjónsdóttir	Mánagarður
Áslaug Einarsdóttir	Grandaborg
Erna Guðlaugsdóttir	Hagaborg
Galina Zlatkova Yanakieva	Drafnarborg
Hallgerður Gunnarsdóttir	Vesturborg
Harpa Brynjarsdóttir	Sæborg
Hrafnhildur Marteinsdóttir	Ægisborg
I. Jenný Leifsdóttir	Gullborg
Linda Björg Birgisdóttir	Dvergasteinn
Theódóra Sigurðardóttir	Tjarnarborg
Helga Ingimarsdóttir	Öldukot